

Sveitarfélagið Hornafjörður  
b/t Gunnlaugur Róbertsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 31. maí 2019  
UST201905-050/A.B.  
10.04.00

**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 –  
Lýsing deiliskipulags - Jökulsárlón á Breiðamerkursandi**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 8. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi fyrir Jökulsárlón á Breiðamerkursandi.

Í greinargerð kemur fram að svæðisráð suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og Sveitarfélagið Hornafjörður hafa ákveðið að vinna aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag vegna breytra forsendna sem snúa að svæðinu sem er nú innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að breyta afmörkum Vatnajökulsþjóðgarðs og vegna fjölgunar ferðamanna þarf að breyta afmörkun afþreyingar- og ferðmannasvæðis (AF16) við Jökulsárlón.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær til þriggja reita: Á reit A er gert ráð fyrir megin uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn við Jökulsárlón s.s. verslun og þjónusta og upplýsingamiðstöð. Á reitum B og C er gert ráð fyrir bílastæðum og tengingar við gönguleiðir.

**Selur**

Umhverfisstofnun vill benda á að selir hafa sést í Jökulasárlóni, en báðar íslensku selategundirnar eru skráðir á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ, 2018). Þar er landselur (*Phoca vitulina*) flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur (*Halichoerus grypus*) flokkaður sem tegund í hættu. Samkvæmt vefsloðinni <http://selalatur.ni.is/> telur stofnunin að áhrifasvæði selalátursins við Fjallsárós-Breiðárós nái inn á skipulagssvæðið sem er hér til umfjöllunar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tillagan taki tillit til búsvæða selanna og framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á búsvæði þeirra og truflun sé haldið í algjöru lágmarki.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur